

Magnúsdóttur, til þess að greiða matsbeiðanda, borgarstjóra Reykjavíkur vegna skipulagsyfirvalda, málskostnað, er með það í huga, að frávísunarkrafan er tilefnislaus, ákveðst kr. 1000.00.

Hinn reglulegi borgardómari, Einar Arnalds, hefur vikið sæti í máli þessu, og er úrskurðurinn kveðinn upp af skipuðum setu-dómara Theodór B. Líndal.

Því úrskurðast:

Kröfu matsþola um frávísun máls þessa verður ekki sinnt.

Matsþoli, Guðlaug Magnúsdóttir, greiði matsbeiðanda, borgarstjóra Reykjavíkur vegna skipulagsyfirvalda bæjarins, málskostnað, kr. 1000.00.

Úrskurðinum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför.

Föstudaginn 29. janúar 1960.

Nr. 91/1959. **Björn H. Jónsson,**
Pórunn Franz og
Valdimar Auðunsson (Páll S. Pálsson hrl.)
 gegn
Herbert Pangritz (Sigurður Ólason hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómaramenn Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og Valdimar Stefáns-son sakadómari.

Vinnulaun. Staðfesting fjárnáms.

Dómur Hæstaréttar.

Þorsteinn S. Thorarensen, fulltrúi borgarfégeta, hefur framkvæmt fjárnám það, sem áfrýjað er.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. maí 1959. Þeir krefjast sýknu af kröfum stefnda, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði felld úr gildi og að stefnda verði dæmt að greiða þeim málskostnað.

Stefndi krefst staðfestingar hinna áfrýjuðu dómsathafna og að áfrýjendum verði dæmt að greiða honum in solidum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Eigi er í ljós leitt, að hve miklu leyti opinber gjöld stefnda, samtals kr. 8.268.00, sem í málinu greinir, eru miðuð við kaup hans á vegum áfrýjanda. Er krafa stefnda um greiðslu nefndrar fjárhæðar þegar af þeirri ástæðu svo vanreifuð, að vísa ber henni frá héraðsdómi. Að því er varðar aðra kröfuliði, ber að staðfesta ákvæði hins áfrýjaða dóms. Verður áfrýjendum því dæmt að greiða in solidum stefnda kr. 21.894.76 ásamt vöxtum, eins og krafizt er, orlofsfé, kr. 1313.69, og málskostnað í héraði og hér fyrir dómi, samtals kr. 6000.00. Þá ber og að staðfesta áðurgreint fjárnám til tryggingar greindum fjárhæðum.

Dómsorð:

Framangreindri kröfu er vísað frá héraðsdómi.

Áfrýjendur, Björn H. Jónsson, Þórunn Franz og Valdimar Auðunsson, greiði in solidum stefnda, Herbert Pangritz, kr. 21.894.76 ásamt 6% ársvöxtum frá 18. marz 1958 til greiðsludags, orlofsfé, kr. 1313.69, og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 6000.00.

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð staðfestist til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 25. marz 1959.

Mál þetta, sem dómtekið var 6. þ. m., höfðaði Herbert Pangritz, Grettisgötu 82, Reykjavík, fyrir bæjarþinginu með utanréttarstefnu, birtri 18. marz 1958, gegn Birni H. Jónssyni, Leifsgötu 23, Valdimar Auðunssyni, Ránargötu 7, og Þórunni Franz, Lindargötu 27, öllum í Reykjavík, til greiðslu skuldar in solidum að fjárhæð kr. 81.852.44 með 6% ársvöxtum frá birtingardegi stefnu til greiðsludags, 6% fjárhæðarinnar í orlof og málskostnaðar að skaðlausu. Einnig, að viðurkennt verði með dómi, að stefndu beri að greiða fyrir stefnanda öll opinber gjöld samkvæmt ákvæði í vinnusamningi, dags. 1. marz 1957.

Með utanréttarstefnu, birtri 7. október 1958, höfðaði stefnandi

framhaldssök gegn stefndu til greiðslu á kr. 8.268.00 með 6% ársvöxtum frá birtingardegi framhaldsstefnu til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu í framhaldssök.

Við hinn munnlega málflutning hafði stefnandi uppi þær kröfur í báðum sökum, *aðallega*, að stefndu verði dæmd til greiðslu á kr. 90.120.44 með 6% ársvöxtum af kr. 81.852.44 frá 18. marz 1958 til 7. október 1958 og af kr. 90.120.44 frá þeim degi til greiðsludags, 6% af kr. 81.852.44 í orlof og að viðurkennt verði með dómi, að stefndu beri að greiða öll opinber gjöld stefnanda af kr. 75.783.96. Enn fremur krafðist stefnandi málskostnaðar að skaðlausu. Til vara krafðist stefnandi greiðslu annarrar lægri fjárhæðar að mati dómarans.

Stefndu hafa *aðallega* krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi, en til vara, að þau verði aðeins dæmd til að greiða kr. 6.250.00 og að málskostnaður falli niður.

Við hinn munnlega flutning málsins hafði lögmaður stefndu uppi kröfu um það, að málinu væri vísað frá dómi, en hann féll frá þeirri kröfu, áður en málflutningi lauk. Krafðist hann *aðallega* sýknu, en til vara lækkunar á dómkröfum stefnanda, svo og málskostnaðar úr hans hendi.

Málsatvik eru þau, að með samningi, dags. 1. marz 1957, var stefnandi ráðinn til sælgætisgerðarinnar við Tunguveg 17, eign stefndu. Samningstímabilið var ákveðið tvö ár frá 1. marz 1957 að telja. Hinn 27. febrúar 1958 var stefnanda sagt upp starfi með einnar viku fyrirvara.

Stefnandi telur uppsögn þessa ólögmæta. Samningurinn hafi verið óuppsægjanlegur á samningstímabilinu. Beri sér því laun úr hendi stefndu út allt samningstímabilið, eða til 1. marz 1959. Samkvæmt samningnum hafi kaup stefnanda verið ákveðið kr. 5.000.00 á mánuði, miðað við gildandi kaupgjaldsvísitölu í upphafi samningstímabilsins, en skyldi hækka eða lækka í samræmi við breytingar á henni og kauptaxta viðeigandi iðn- eða verkálýðsfélaga. Breytingar hafi orðið til hækkunar að þessu leyti, og miðað við þær hafi kaup stefnanda numið frá því í september 1957 kr. 5.413.14 á mánuði. Laun stefnanda út samningstímabilið nemi því samtals kr. 64.957.68. Auk þessa hafi stefnandi átt ógreidd laun hjá stefndu fyrir mánuðina janúar og febrúar 1958 og hluta af desember 1957, svo og kaupgjaldsvísitölu og kauptaxta uppbætur frá maímánuði 1957, samtals að fjárhæð kr. 16.894.76. Í samningi aðiljanna hafi verið ákvæði þess efnis, að stefndu bæri að greiða alla opinbera skatta og

útsvar stefnanda honum að kostnaðarlausu. Eftir að frumsök máls þessa hafi verið höfðuð, hafi stefnandi verið krafinn af bæjarsjóði Reykjavíkur greiðslu á gjöldum þessum af tekjum ársins 1957, samtals að fjárhæð kr. 8.268.00, þar sem stefndu höfðu eigi innt gjöldin af hendi. Hafi stefnandi þá höfðað framhaldssökina til greiðslu gjaldanna, en viðurkenningar er krafist á skyldu stefndu til greiðslu gjalda þessara af tekjum stefnanda út samningstímabilið.

Varakrafa stefnanda er á því byggð, að ef hann verði ekki talinn eiga rétt til fullra launa úr hendi stefndu út samningstímabilið, þá beri honum einhverjar bætur fyrir hina ólögmætu uppsögn svo og greiðslu launa fyrir þann tíma, sem hann vann í þjónustu stefnda og ógreidd eru.

Stefndu styðja sýknukröfu sína þeim rökum, að stefnandi hafi svo stórlega brotið skyldur sínar samkvæmt vinnusamningi aðiljanna, að þeim hafi verið heimilt að víkja honum úr starfi. Telja stefndu vanefndir stefnanda slíkar, að þeim beri bætur úr hendi stefnanda, er nemi að minnsta kosti þeirri fjárhæð, sem stefnandi á hjá stefndu sem ógreidd vinnulaun. Enn fremur telja stefndu, að það ákvæði í samningi Iðju, félags verksmiðjufólks, við Félag íslenzkra iðnrekenda, að iðnrekenda sé eigi skylt að greiða starfsfólki laun, ef vinna falli niður um lengri eða skemmri tíma vegna rekstrarstöðvunar af völdum hráefnaskorts, taki til samnings aðiljanna, þótt það sé eigi beint fram tekið í honum. Sælgætisgerð stefndu hafi stöðvazt af þessum sökum, og því hafi uppsögnin verið stefndu heimil.

Varakrafa stefndu er á því byggð, að stefnandi hafi fengið aðra vinnu mjög skömmu eftir að starfi hans lauk hjá stefndu, og hafi hann ekki sýnt fram á það, að hann hafi orðið fyrir tjóni.

Í samningi aðiljanna segir m. a.: „Starf Herberts Pangritz skal í því fólgið, að framleiða sælgætisvörur fyrir verksmiðjuna og hafa á hendi verkstjórn í henni að öllu leyti, að því er varðar framleiðsluna“ „Kaup Herberts Pangritz er ákveðið kr. 5.000.00 á mánuði hverjum, en auk þess ber okkur að greiða fyrir hann alla opinbera skatta og útsvar honum að kostnaðarlausu.“ „Kaup er miðað við þá kauplagsvísitölu, er nú gildir, en hækki hún eða hækki kauptaxti viðeigandi iðn- eða verkalýðsfélaga, þá skal kaup beggja hækka í samræmi við það“ „Samningur þessi gildir fyrir báða aðilja í tvö ár, frá 1. marz 1957 að telja. Verði honum ekki sagt upp með 3ja mán-

aða fyrirvara, skal hann framlengjast af sjálfu sér í 3 mánuði í senn. Almennur uppsagnarfrestur af beggja hálfu, vinnuveitanda og vinnuþegna, er 3 mánuðir.“ . . . „Um veikindadaga og orlof skulu gilda samningar Iðju, félags verksmiðjufólks, eins og þeir eru á hverjum tíma.“

Aðilar hafa gefið skýrslu fyrir dómi. Stefnandi kvaðst hafa skilið uppsagnarákvæði samnings aðiljanna á þann veg, að þriggja mánaða fresturinn kæmi ekki til greina, fyrr en að liðnu tveggja ára samningstímabilinu. Hann kvaðst hafa stundað vinnu sína reglulega og stundvíslega, oft unnið eftirvinnu, án þess að fá greiðslu fyrir. Stefnandi kvaðst ekki hafa fært neinar framleiðslubækur fyrir fyrirtækið, enda hafi honum ekki verið falið að gera slíkt. Í janúar eða febrúarmánuði 1958 hafi komið tvær „kladdabækur“ í verksmiðjuna, önnur til að færa í upphaf og lok vinnustunda, en hin til að færa í alla tilbúna vöru til eftirlits. Hafi hann strax í upphafi neitað að halda slíkar bækur, þar sem hann kynni ekki íslenzku. Stefnandi kvaðst þó hafa haldið skrá fyrir sjálfan sig til að fylgjast með framleiðslunni, en undir lokin hafi hann ekki getað haft eftirlit með því, þar sem stefndi Björn hafi flutt vörurnar ópakkaðar heim til sín, pakkað þeim þar og gefið síðan stefnanda upp kassatölu. Stefnandi kvaðst aldrei hafa framleitt neitt í verksmiðjunni fyrir sjálfan sig. Stefnandi kvaðst hafa verið atvinnulaus, frá því er honum hafi verið sagt upp og þar til 25. marz 1958. Þá hafi hann farið að vinna í annarri sælgætisgerð, og hafi hann fengið laun samkvæmt kjarasamningi Iðju, félags verksmiðjufólks.

Stefndi Björn H. Jónsson kvaðst hafa skilið samning aðiljanna þannig, að hann hafi verið uppsegjanlegur, hvenær sem var, með 3ja mánaða fyrirvara. Enn fremur kvaðst hann hafa álitid, að kjarasamningur Iðju ætti að gilda, þar sem ákvæði samnings aðiljanna þrytu. Stefndi Björn kvað stefnanda nokkrum sinnum ekki hafa mætt til vinnu og stundum verið þá fjarverandi, allt að 3 daga í senn. Hafi stefnandi þá barið við efniskorti, en ekki tilkynnt eigendum um það. Björn kvað efniskort hafa verið í verksmiðjunni í þau skipti, er stefnandi hafi verið fjarverandi, en kvað nóg önnur verkefni hafa verið fyrir hendi, þrátt fyrir það. Stefndi Björn kvað stefnanda fyrst hafa verið beðinn um að halda framleiðslubók, en hann hafi neitað að gera það. Síðan hafi hann bannað starfsstúlku í verksmiðjunni að halda þá bók, en stúlka sú hefði tekið að sér það verk. Hafi enga sérstaka kunnáttu þurft í íslenzku til að halda slíka

framleiðslubók, þar sem form hennar hafi verið slíkt, að eingöngu hafi þurft að færa inn magn framleiðslunnar með tölustöfum. Stefndi Björn kvað hráefnissskort hafa verið í verksmiðjunni um það leyti, er stefnanda hafi verið sagt upp. Hafi uppsögnin verið byggð á því með heimild í kjarasamningi Iðju, svo og að stefndi Björn kvaðst hafa verið óánægður með það, hve stefndi mætti illa til vinnunnar og að hann hafi ekki vandað framleiðsluvörurnar.

Stefnda Þórunn Franz kvað stefnanda sumarið 1957 hafa haldið bók í þríriti, þar sem hann hafi skráð það, sem sótt hafi verið í verksmiðjuna af fullunnum vörum og þannig fylgt með því, hvað látið hafi verið af hendi. Stefnda Þórunn kvaðst hafa séð um verksmiðjuna í júlí- og ágústmánuði 1957 í fjarveru stefnda Björns. Hafi stefnandi þá mætt vel til vinnu.

Gegn mótmælum stefnanda þykja stefndu á engan hátt hafa fært sönnur að því, að stefnandi hafi brotið starfsskyldur sínar samkvæmt samningi aðiljanna eða á annan hátt vanrækt starf sitt. Verður því uppsögn stefnanda úr starfi án bóta ekki byggð á þeim ástæðum.

Í samningi aðiljanna er ekki minnst á kjarasamning Iðju, nema að því er tekur til veikindadaga og orlofs. Verður sá samningur ekki talinn gilda um uppsögn, enda eru sérstök ákvæði þar um í samningi aðiljanna. Eins og áður hefur verið rakið, er samningurinn gerður til tveggja ára og ráð fyrir því gert, að hann framlengist að þeim tíma liðnum, verði honum ekki sagt upp með 3ja mánaða fyrirvara. Ákvæði það í samningnum, að almennur uppsagnarfrestur sé þrír mánuðir, þykir verða að skýra í samræmi við það þannig, að sá uppsagnarfrestur eigi að gilda í samskiptum aðiljanna að loknu upphaflega samningstímabilinu. Stefndu var því óheimilt að segja stefnanda upp starfinu með einnar viku fyrirvara, og eru þau bótaskyld gagnvart honum af þeim sökum.

Stefnandi hóf að vinna annað starf, þrem vikum eftir að hann hætti störfum hjá stefndu. Hann hefur þó ekki sýnt fram á það, hver laun hans hafi verið frá þeim tíma, er hann hætti þar störfum, og út samningstímabil aðiljanna. Þykja bætur til hans fyrir hina ólögsmætu uppsögn með hliðsjón af því svo og öðrum málsatvikum hæfilega ákveðnar kr. 5.000.00.

Stefndu hafa viðurkennt að skulda stefnanda laun fyrir janúar- og febrúarmánuði 1958 og hluta af desember 1957. Telur stefnandi ógreidd vinnulaun sín fyrir þann tíma nema samtals

kr. 16.894.76, og reiknar með í þeirri fjárhæð uppbót vegna hækkunar kaupgjaldsvísitölu og kauptaxta frá maímánuði 1957. Í samningi aðiljanna er gert ráð fyrir greiðslum vegna slíkra breytinga, og þar sem stefndu hafa ekki mótmælt fjárhæð þessari tölulega, ber að taka hana til greina.

Þá þykir bera að taka til greina kröfu stefnanda um greiðslu opinberra gjalda úr hendi stefndu fyrir árið 1957, að fjárhæð kr. 8.268.00. Stefndu hafa eigi innt af hendi þá skyldu samkvæmt samningi aðiljanna að greiða gjöld þessi, og stefnandi ber ábyrgð á greiðslu þeirra.

Kröfu stefnanda um viðurkenningu á skyldu stefndu til greiðslu opinberra gjalda af tekjum hans fyrir árið 1958 hefur með dómi verið vísað frá ex officio.

Stefnandi hefur gert kröfu til greiðslu 6% af launakröfu sinni í orlof. Samkvæmt lögum nr. 16/1943 um orlof á stefnandi rétt til orlofsgreiðslna úr hendi stefnda af kaupi því, sem hann hefur borið úr býtum fyrir vinnu sína næsta orlofsár á undan, en orlofsár merkir tímabilið frá 15. maí til 14. maí næsta ár á eftir. Ber því að taka kröfu stefnanda til greina að þessu leyti af kr. 21.894.76, enda er kaupkrafa hans tekin til greina með þeirri fjárhæð samkvæmt framansögðu.

Niðurstaða málsins, aðalsakar og framhaldssakar, verður því sú samkvæmt framansögðu, að stefndu verða dæmd til að greiða stefnda samtals kr. 30.162.76 með vöxtum eins og krafizt er, að því undanskildu, að vextir verða eigi dæmdir af fjárhæð hinna opinberu gjalda, þar sem stefnandi hefur eigi innt hana af hendi, og enn fremur til greiðslu 6% af kr. 21.894.76 í orlof.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefndu til að greiða stefnanda málskostnað, og þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 3.500.00.

Emil Ágústsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndu, Björn H. Jónsson, Þórunn Franz og Valdimar Auðunsson, greiði öll fyrir eitt og eitt fyrir öll stefnanda, Herbert Pangritz, kr. 30.162.76, 6% af kr. 21.894.76 í orlof, 6% ársvexti af þeirri fjárhæð frá 18. marz 1958 til greiðsludags og kr. 3.500.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetadóms Reykjavíkur 4. maí 1959.

Ár 1959, mánudaginn 4. maí, var fógetaréttur Reykjavíkur

settur í húsinu nr. 45 á Fossvogsblettum og haldinn af fulltrúa borgarfógeta Þorsteini Thorarensen ásamt undirrituðum vottum. Fyrir var tekið málið Herbert Pangritz gegn Valdimar Auðunssyni.

Gerðarþoli, sem á hér heima, er ekki mættur.

Af hans hálfu mætir kona hans, Þuríður Ingjaldsdóttir, og kveðst ekki greiða, en bendir á til fjárnáms bílinn nr. R 1545.

Fógeti lýsti yfir fjárnámi í bifreiðinni R 1545 og skýrði þýðingu þess fyrir mætttri.

Föstudaginn 29. janúar 1960.

Nr. 92/1959. **Björn H. Jónsson,**
Þórunn Franz og
Valdimar Auðunsson (Páll S. Pálsson hrl.)
 gegn
Magdalenu Mellahn (Sigurður Ólason hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson,
Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og Valdimar Stefáns-
son sakadómari.

Vinnulaun. Staðfesting fjárnáms.

Dómur Hæstarétta.

Þorsteinn S. Thorarensen, fulltrúi borgarfógeta, hefur framkvæmt fjárnám það, sem áfrýjað er.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstarétta með stefnu 25. maí 1959. Þeir krefjast sýknu af kröfum stefnda, að hin áfrýjaða fjárnámssgerð verði úr gildi felld og að þeim verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar hinna áfrýjuðu dómsathafna og málskostnaðar fyrir Hæstarétti af áfrýjendum in solidum.

Samkvæmt forsendum héraðsdóms ber að staðfesta hann svo og hina áfrýjuðu fjárnámssgerð.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjendur greiði in solidum stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 3000.00.